

Trío Reykjavíkur

Trío Reykjavíkur var stofnað árið 1988 af Halldóri Haraldssyni píanóleikara, Guðnýju Guðmundsdóttur fiðluleikara og Gunnari Kvaran sellóleikara. Árið 1996 tók Peter Máté píanóleikari við af Halldóri.

Á ferli sínum hefur tríóið komið fram á fjölmörgum tónleikum víða um Ísland. Tríóið hefur farið í tónleikaferðir til Danmerkur og auk þess komið fram í Þýskalandi, Finnlandi, Prag og London og einnig leikið í hinu nýja tónlistarhúsi Grænlandinga. Hljóðritanir með leik tríósins hafa verið leiknar víða í evrópskum útvarpsstöðvum. Geisladiskur kom út árið 2000. Í júní 1999 hlaut Trío Reykjavíkur viðurkenningu úr minningarsjóði stofnenda Hafnarborgar, Ingibjargar Sigurjónsdóttur og Sverris Magnússonar, fyrir framlag til lista og menningar í Hafnarfirði. Meðlimir tríósins eru allir kennarar við hina nýstofnuðu tónlistardeild Listaháskóla Íslands og er tríóið nú staðarkammerhópur skólans. Tríóið fór í sína fyrstu tónleikaferð til Bandaríkjanna árið 2003, þar sem það kom m.a. fram í beinni útsendingu á klassísku útvarpsstöðinni í Chicago. Sumarið 2006 fór Trío Reykjavíkur í tónleikaferð til Suður Frakklands. Trío Reykjavíkur hefur verið með árlega tónleikaröð í Hafnarborg, listamiðstöð Hafnarfjarðar, í rúmlega tvo áratugi. Þar hefur tríóið frumflutt fjölda íslenskra verka auk þess að flytja stóran part af píanótríóum klassísku tónbókmentanna ásamt öðrum kammerverkum fyrir strengi og píanó. Sl. 2 ár hefur Trío Reykjavíkur einnig leikið reglulega á hádegistónleikum á Kjarvalsstöðum og hefur undanfarin þrjú ár notið fjárstuðnings frá Reykjavíkurborg til starfsemi sinnar.

Peter Máté píanóleikari er fæddur í Rosnava í Tékkóslóvakíu, en hefur verið búsettur á Íslandi frá árinu 1990. Á námsárunum vann hann til margra verðlauna í heimalandi sínu og síðar í alþjóðlegum keppnum, svo sem í Vercelli og Enna á Ítalíu á árunum 1986 og 1987. Hann hefur komið fram sem einleikari með mörgum helstu hljómsveitum heimalands síns, með Útvarpshljómsveitinn í Berlín og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Peter hefur m.a. farið í tónleikaferðir til Frakklands, Bretlands og Bandaríkjanna auk Austur-Evrópulanda. Út hafa komið nokkrir hljómdiskar með leik Peters, bæði sem einleikara og einnig með öðrum. Peter kennir við Tónlistarskólann í Reykjavík og Listaháskóla Íslands.

GuðnýGuðmundsdóttir fiðluleikari

var ráðin 1.konsertmeistari við Sinfóníuhljómsveit Íslands haustið 1974. Hún hefur leitt hljómsveitina undir stjórn margra heimsþekktara hljómsveitarstjóra og leikið með mörgum frægustu einleikurum og einsöngvurum heims. Nú deilir hún stöðunni með Sigrúnu Eðvaldsdóttur fiðluleikara. Auk starfa sinna með hljómsveitinni er hún fastur kennari við tónlistardeild Listaháskóla Íslands. Hún hefur útskrifað marga efnilega nemendur, sem margir hverjir hafa komist að í þekktum erlendum háskólum, unnið til verðlauna í alþjóðlegum keppnum og gegna mikilvægum stöðum bæði heima og erlendis. Hún hefur margoft komið fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands, en auk þess með hljómsveitum í Bandaríkjunum, Puerto Rico, Mexico og Hong Kong. Hljóðritanir hennar af íslenskri tónlist svo og sönötum fyrir fiðlu og píanó eftir Grieg ásamt Petri Máté hlutu mikið lof gagnrýnenda á alþjóðavettvangi. Árið 2002 kom út diskur á vegum Polarfonia með einleiksverkum. Guðný var sæmd Riddarakrossi hinnar Íslensku Fálkaorðu árið 1989 og hlaut menningarverðlaun DV fyrir árið 1990.

Gunnar Kvaran sellóleikari var í um aldarfjórðung yfirmaður strengjadeildar Tónlistarskólans í Reykjavík , en er nú prófessor í selló og kammertónlist við tónlistardeild Listaháskóla Íslands. Gunnar stundar auk fastra starfa umfangsmikið tónleikahald bæði heima og erlendis. Hann hefur haldið einleiks-og kammertónleika í mörgum Evrópulöndum, auk Bandaríkjanna og Kanada og m.a. komið fram í Wigmore Hall í London, Carnegie Hall í New York og Beethoven Haus í Bonn. Gunnar hefur margsinnis leikið einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands og komið fram í útvarpi og sjónvarpi. Allmargar hljómplötur og hljómdiskar hafa verið gefnir út með leik hans.

Hann hlaut verðlaun úr sjóði Dr. Gunnars Thoroddsen árið 1990 og valinn bæjarlistamaður Seltjarnarness árið 1996. Í desember 2001 var honum boðið að koma fram ásamt Hauki Guðlaugssyni organista á sérstökum hátíðartónleikun í Vendrell á Spáni, fæðingarbæ Pablo Casals. Þann dag voru 125 ár liðin frá fæðingu meistarans. Gunnar var sæmdur Riddarakrossi hinnar íslensku Fálkaorðu sumarið 2006 fyrir tónlistarstörf.